

Maí 2026

Ársskýrsla 2025

Þekkingarsetur Suðurnesja



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA
Suðurnes Science and Learning Center

Efnisyfirlit

1.	Þekkingarsetur Suðurnesja	3
2.	Starfsfólk og stjórn	3
2.1.	Starfsfólk.....	3
2.2.	Stjórn	4
3.	Rannsóknastarf.....	4
3.1.	Náttúrustofa Suðvesturlands.....	5
3.2.	Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum.....	6
3.3.	Rannsóknastöð Þekkingarsetursins.....	6
3.4.	Rannsóknaaðstaða Þekkingarsetursins	9
4.	Háskólaþjónusta Þekkingarsetursins	10
4.1.	Háskólakennsla	10
4.2.	Nemendajónusta.....	11
5.	Nýsköpun	11
6.	Önnur verkefni	12
7.	Lokaorð	13

1. Þekkingarsetur Suðurnesja

Þekkingarsetur Suðurnesja var stofnað í apríl 2012 af sveitarfélögunum á Suðurnesjum sem þá voru fimm talsins, Náttúrustofu Suðvesturlands, Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum og Keili. Frá stofnun hefur setrið starfað skv. samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, nú Menningar-, háskóla- og nýsköpunarráðuneytið. Þekkingarsetrið er staðsett í Suðurnesjabæ en starfssvæði þess eru öll Suðurnesin. Setrið er rannsóknastofnun og eru sérsvið þess sjávarlíffræði, eiturefnavistfræði og fuglafræði. Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum eru stoðstofnanir setursins og staðsettar í sama húsnæði, á Garðvegi 1 í Suðurnesjabæ. Þekkingarsetrið býr yfir glæsilegri rannsóknastaðstöðu sem er eftirsótt af erlendum vísindamönnum, gistiaðstöðu fyrir vísindamenn og háskólanema og nýrri námsaðstöðu fyrir háskólanema á svæðinu. Þekkingarsetrið er aðili að Samtökum þekkingarsetra, Reykjanes UNESCO Global Geopark og stofnaðili að Fab Lab Suðurnes.

Prettándi ársfundur Þekkingarseturs Suðurnesja var haldinn 28. maí 2025. Þar var farið yfir starfsemi og ársreikning síðasta árs. Auk þess kynnti Dr. Anna Selbmann, líffræðingur og hvalasérfræðingur við setrið, rannsóknir sínar á hvölum með erindinu A killer on the run: Interactions between pilot whales and killer whales.

Ársfundur Samtaka þekkingarsetra (SPS) var haldinn 27. og 28. ágúst 2025 hjá Textílmíðstöð Íslands á Blönduósi. Forstöðumaður og verkefnisstjóri Þekkingarsetursins sóttu fundinn sem var bæði gagnlegur og skemmtilegur. Logi Einarsson menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, þáði boð um að mæta á fundinn ásamt aðstoðarmönnum og fulltrúum úr ráðuneytinu, og hlýddu þau á kynningar setranna um starfsemi sína. Þá fóru fram mjög jákvæðar umræður um þekkingarsetrin og hlutverk þeirra. Forstöðumaður Þekkingarsetursins situr í stjórn sem meðstjórnandi starfsárið 2025-2026 og hafa verkefni samtakanna verið talsverð.

2. Starfsfólk og stjórn

2.1. Starfsfólk

Starfsárið 2025 störfuðu alls þrjár fastráðnir starfsmenn hjá Þekkingarsetri Suðurnesja í 2,6 stöðugildum það urðu þó breytingar á starfsmannahaldi því Sölvi Rúnar Vignisson lét af störfum í júlí eftir að hafa starfað sem líffræðingur hjá setrinu í tæp 13 ár og sinnt rannsóknum og öðrum verkefnum af miklum metnaði og alúð. Við starfi hans tók Dr. Anna Selbmann, líffræðingur og hvalasérfræðingur en hún hóf störf í byrjun ágúst.

- Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður.
- Daníel G. Hjálmtýsson, verkefnisstjóri.
- Dr. Anna Selbmann, líffræðingur
- Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur MS.

Fjórir starfsmenn unnu hjá Náttúrustofunni árið 2025. Sunna Hrund Sverrisdóttir hóf störf um mitt ár og voru stöðugildi árið 2025 því þrjú og hálf.

- Dr. Sindri Gíslason, forstöðumaður.
- Dr. Joana Micael, líffræðingur.
- Sigríður Vala Finnsdóttir, líffræðingur.
- Sunna Hrund Sverrisdóttir, líffræðingur MS

Há Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum störfuðu þrír starfsmenn í þremur stöðugildum.

- Dr. Halldór Pálmar Halldórsson, forstöðumaður.
- Hermann Dreki Guls, líffræðingur MS.
- Sandra Dögg Georgsdóttir, lífefnafræðingur MS.

2.2. Stjórn

Stjórn Þekkingarsetursins var skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum starfsárið 2025. Stjórn fundaði fimm sinnum á árinu auk ársfundar.

Aðalmenn í stjórn eru eftirfarandi:

- Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, formaður stjórnar og fulltrúi Suðurnesjabæjar.
- Berglind Kristjánsdóttir, fulltrúi Keilis.
- Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS.
- Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum.
- Sindri Gíslason, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands.

Varamenn í stjórn eru eftirfarandi:

- Einar Jón Pálsson, varafulltrúi Suðurnesjabæjar.
- Gísli Hólmur Jóhannesson, varafulltrúi Keilis.
- Þorvaldur Örn Árnason, varafulltrúi SSS.
- Sæunn Stefánsdóttir, varafulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum.
- Guðrún Kristín Ragnarsdóttir, varafulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands.

Engar breytingar urðu á stjórn Þekkingarsetursins á starfsárinu.

3. Rannsóknastarf

Mjög víðtækt og fjölbreytt rannsóknastarf er unnið innan veggja Þekkingarsetursins af þeim þremur rannsóknastofnunum sem þar eru. Þeir fjölmörgu erlendu vísindamenn sem heimsækja setrið vinna þar auk þess að ýmsum rannsóknum, sem og bæði innlendir og erlendir háskólanemar. Rannsóknaaðstaða er fyrsta flokks og rannsóknirnar bæði faglegar og vísindalegar, fyrst og fremst á sviði náttúrufræða og tengdra greina. Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum eru stoðstofnanir setursins. Samstarf á milli stofnananna þriggja er bæði mikið og gott og eru ýmis verkefni þess eðlis að allar koma þær að þeim með einhverjum hætti.

3.1. Náttúrustofa Suðvesturlands

Náttúrustofan heldur úti fjölmörgum rannsóknaverkefnum tengdum framandi sjávarlífverum við Ísland. Forstöðumaður Náttúrustofunnar, Dr. Sindri Gíslason, er fulltrúi Íslands í vinnuhópi á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES; International Council for the Exploration of the Sea), sem fjallar um flutning og landnám framandi sjávarlífvera um heiminn. Aðildin er mikilvægur hluti alþjóðlegs samstarfs Íslands um málefnið. Vinna Náttúrustofunnar við verkefnið Vöktun náttúruverndarsvæða var fyrirferðarmikil á árinu líkt og síðustu ár. Náttúrustofan sá um kortlagningu ýmissa jarðminja, gróðurs- og lífbreytileika í fjörum, auk vöktunar á hagamúsum og strand- og vatnafuglum á höfuðborgarsvæðinu. Önnur þjónustuverkefni voru meðal annars vöktun vegna fráveitu HS Orku hf. við Reykjanes og í Arfadalsvík, og úttekt á botndýralífi á losunarreit utan við Hornarfjarðarós fyrir Hornarfjarðarhöfn. Á stofunni er til viðbótar unnið að ýmsum misstórum langtímaverkefnum, rannsókn- og vöktunarverkefnum árið um kring, eins og plastmengun í Eldey, vöktun bjargfugla-, fiðrilda- og skólpmengunar auk þess sem stofan vinnur að samstarfsverkefnum með fjölmörgum innlendum og erlendum rannsóknastofnunum, þar á meðal Þekkingarsetri Suðurnesja og Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum.



3.2. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum

Hjá Rannsóknasetri HÍ fara fram rannsóknir á áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur á norðurslóðum. Áhrif ýmissa efna á skeldýr, krabbadýr og fiska hafa verið rannsökuð með notkun líffræðilegra mælikvarða og notagildi aðferðanna við umhverfisvöktun metin. Rannsóknir á landnámi grjótkrabbans héldu áfram og sömuleiðis árleg mengunarvöktun fyrir Umhverfisstofnun þar sem kræklingi er safnað og hann rannsakaður, en setrið notar krækling reglulega við ýmis vöktunar- og þjónustuverkefni fyrir til dæmis álverin í Hvalfirði og Straumsvík. Rannsóknir á nákuðungi vegna tríbútýltin mengunar úr botnmálningu og athugun á örplasti í lífríki sjávar við Ísland eru verkefni sem Rannsóknasetrið er auk þess að sinna fyrir Umhverfisstofnun. Forstöðumaður setursins, Dr. Halldór Pálmar Halldórsson og Hermann Dreki Guls og Sandra Dögg Georgsdóttir sérfræðingar, eru í vinnuhópi á vegum ICES er lýtur að áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur og í AMAP vinnuhópi fyrir hönd Umhverfisstofnunar um plastmengun sjávar á norðurslóðum. Þau sóttu fund ICES vinnuhópsins sem haldinn var í Dublin í apríl 2025. Sjóferðir rannsóknabátsins Sæmundar fróða RE, sem Rannsóknasetrið hefur umsjón með, voru margar á árinu vegna ýmissa rannsóknaverkefna og kennslu.



3.3. Rannsóknastöð Þekkingarsetursins

Helstu verkefni hjá rannsóknastöð Þekkingarsetursins fyrri hluta árs 2025 snéru að fuglarannsókn, bæði sem hluti af rannsóknum í samstarfi við aðra og sem þjónustuverkefni fyrir fyrirtæki á svæðinu. Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur Þekkingarsetursins, hefur komið að rannsóknum á áhrifum umhverfis og lýðfræði á farhætti tjalda á vegum Rannsóknaseturs

HÍ á Suðurlandi í samstarfi við Þekkingarsetrið, rannsókn á farhátum og líkamsástandi sanderla og annarra vaðfugla á fari um Reykjanes sem Háskólinn í Groningen í Hollandi stýrir í samstarfi við HÍ, Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetrið og loks vetrarfuglatalningum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands svo eitthvað sé nefnt. Þá voru nokkur þjónustuverkefni unnin, við kornastærðarmælingar og vöktunarverkefni.

Sölvi Rúnar vann að doktorsverkefni sínu samhliða starfi í Þekkingarsetrinu en rannsókn hans snýr að því að svara brýnum spurningum er varða far, lýðfræði og vernd farfugla. Íslenski tjaldurinn (*Haematopus ostralegus*) er mjög ákjósanlegt viðfangsefni þeirra rannsókna því að stofninn er samsettur af bæði farfuglum og staðfuglum. Einstaklingar sem sýna breytilega farhegðun (greinda með ísótópum og einstaklingsmerkingum) parast gjarnan og eignast unga sem geta hvort heldur orðið staðfuglar eða farfuglar. Þetta er einstakt kerfi sem býður upp á mikla rannsóknamöguleika. Þekking á kerfinu hefur verið byggð upp við Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi á síðustu árum og hafa Sölvi og Þekkingarsetrið tekið fullan þátt í verkefninu með því að sjá um allar rannsóknir verkefnisins sem snúa að Reykjaneskaga. Mikil sérfræðiþekking hefur skapast í fuglafræðirannsóknum á Suðurnesjum og mun doktorsverkefnið styrkja þá þekkingu enn frekar. Ein ritrýnda grein sem Sölvi er meðhöfundur að birtist á síðasta ári, þann 3. mars, í hinu virta tímariti *Nature* en hún ber heitið Global Spore Sampling Project: A global, standardized dataset of airborne fungal DNA.



Nýr líffræðingur tók til starfa hjá Þekkingarsetrinu í lok síðasta sumars, Dr. Anna Selmann sérfræðingur í hvalarannsóknum. Anna nam líffræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan með M.Sc. í líffræði árið 2019 og Ph.D. árið 2025. Hún hefur starfað við margvíslegar

hvalarannsóknir víðsvegar um heiminn á síðustu árum. Doktorsverkefni hennar fjallaði um hljóðmerki í samskiptum innan og á milli hvalategunda. Þrjár ritrýndar greinar voru birtar úr doktorsritgerðinni á árunum 2021-2023. Síðasta greinin „Aversive behavioural responses of killer whales to sounds of long-8 finned pilot whales“ er í yfirferð tímaritsins *Scientific Reports*. Endurskoðun vegna athugasemda er lokið og beðið er svars frá tímaritinu. Niðurstöður doktorsverkefnisins voru einnig kynntar í fyrirlestri á líffræðiráðstefnunni í Reykjavík í október síðastliðnum.

Verkefni Þekkingarsetursins undanfarin ár hafa meðal annars einkennst af öflugum og fjölbreyttum rannsóknum og vöktunarverkefnum á sviðum fuglafræði, en nú þegar Anna hefur bæst við starfsmannahópinn og Sölvi Rúnar farið til annarra starfa hafa orðið áherslubreytingar. Sérsvið starfandi líf- og vistfræðings hefur nú færst að mestu úr fuglafræði yfir í hvalafræði. Rannsóknir á hvölum hafa ekki verið gerðar á Suðurnesjum í þeim mæli sem nú gefst færi á svo spennandi tímar eru framundan í starfsemi Þekkingarsetursins.

Rannsóknir Önnu snúa að hvölum og hljóðunum sem þeir gefa frá sér. Hingað til hafa viðfangsefnin aðallega verið háhyrningar og grindhvalir og vettvangsstörf unnin í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum, sem verður áframhaldandi. Haustið 2025 tók Anna þátt í verkefni fyrir nýja vísindamenn sem skipulagt var af Swedish Polar Research Secretariat, Háskólanum í Gautaborg, British Antarctic Survey og NERC Arctic Office. Í því fólst vikulöng rannsóknarferð til Grænlands með sænska rannsóknarskipinu R/V Skagerak. Ferðin var hluti af KANG-GLAC verkefninu, sem nær yfir þrjú og hálf ár, og rannsakar hvernig Grænlandsjökull hefur áhrif á loftslag, hafið og lífríki sjávar. Anna sótti fyrirlestra um tengsl jökla við sjóinn, jarðfræði, dýptarmælingar, og nýja tækni til eftirlits með hafinu. Í sjóferðinni lærði hún haffræðilegar mælingar, sýnatökur á dýrasvifi og útsetningu tækja til langtímaeftirlits í hafi. Hún skipulagði einnig rannsóknarverkefni fyrir sjávarspendýr. Ferðin var skrásett á blogg-síðu sem þátttakendur sáu um og lesa má hér:

<https://www.gu.se/en/skagerak/expedition-blog-greenland-2025>

Anna hefur unnið að verkefni með Dr. Charlotte Curé frá Cerema, University Gustave Eiffel í Frakklandi. Verkefnið snýst um hljóð frá háhyrningi sem synti út í ána Signu árið 2022. Hljóðin voru tekin upp einum degi áður en dýrið dó og rannsóknin beindist að því hvernig hægt er að nota hljóðvöktun til að meta stöðu dýra í neyð og aðstoða við ákvarðanatöku í björgunaraðgerðum. Greinin „Last calls of an out-of-habitat killer whale (*Orcinus orca*) in a river“ sem unnin var út frá fyrstu niðurstöðum, hefur verið samþykkt til birtingar í tímaritinu *Aquatic Mammals*.

Anna er þátttakandi í verkefninu Letters to a pre-scientist, þar sem vísindamenn verða pennavinir nemenda úr skólum á lágtekjusvæðum í eitt ár. Markmiðið með verkefninu er að færa vinnu STEM-fagfólks nær raunveruleika barna, deila starfsferlum í STEM og hvetja nemendur til að kanna framtíð í STEM.



Undirbúningur fyrir ný verkefni í tengslum við hvali hófst á haustmánuðum. Eitt þeirra kallast Hvar eru hvalirnir?, og er fyrsta þróunarverkefni setursins með nýjum áherslum í hvalafræði. Vitað er af hvöllum í kringum Reykjanes en fjölda þeirra og tegundagreiningum hefur ekki verið safnað kerfisbundið hingað til. Markmið verkefnisins er að hefja gagnasöfnun á tíma, staðsetningu og tegundum hvala sem sést hafa með því að nota sérstakar kannanir og tækifærisskýrslur frá almenningi. Þessi gögn munu hjálpa til við að stýra framtíðarrannsóknum, svo sem með því að setja upp hljóðnema til að greina hvali allt árið um kring. Sótt var um styrk í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja fyrir verkefninu og fékkst tveggja milljón króna styrkur úr sjóðnum sem mun skipta sköpum fyrir verkefnið.

Verkefnið er einnig samfélagsvísindaverkefni og er þar ýtt undir aðkomu íbúa á svæðinu og almennings í vinnslu þess og framkvæmd. Er almenningi þannig boðið að taka þátt í feltvinnu í formi vöktunar í vitum og við sjó á svæðinu og hefur nú þegar ein slík vöktun verið framkvæmd í Garðskagavita á sumardaginn fyrsta, sem var vel sótt. Vöktun í Hólmsbergsvita í Reykjanesbæ er framundan og í fleiri vitum á svæðinu, auk kynningarverkefna í sundlaugum og skólum en skólakynningar eru þegar hafnar. Þau sem taka þátt í verkefninu fá handleiðslu sérfræðings í því hvernig á að leita að hvöllum og hvernig á að greina þær tegundir sem sjást. Er almenningur þá hvattur til útivistar og vöktunar í frítíma og honum gert auðvelt fyrir að láta vita ef sést til höfrunga eða hvala.

Anna vann einnig að undirbúningi verkefnis um hljóð og hegðun háhyrninga á Suðurnesjum og Suðurlandi í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum, sem nota hljóð- og hreyfingagögn sem safnað er með merkjum á hvöllum. Sótt hefur verið um styrk fyrir verkefninu til Rannís og mun svar vonandi berast fljótlega.

Sölvi Rúnar og Anna ásamt Daníel Hjalmtýssyni, verkefnisstjóra, og líffræðingum Náttúrustofunnar og Rannsóknaseturs HÍ, tóku á móti erlendum skólahópum sem heimsóttu Þekkingarsetrið árið 2025. Þeim voru kynntar rannsóknirnar sem unnið er að hjá stofnununum og rannsóknaaðstaðan sýnd, við mjög góðar undirtektir.

3.4. Rannsóknaaðstaða Þekkingarsetursins

Stærra blautrými Þekkingarsetursins var notað af fiskeldisfyrirtækinu Benchmark Genetics til ræktunar hrognkelsa og er leigusamningur ótímabundinn. Fyrirtækið byggði fyrir nokkrum árum upp viðbótaraðstöðu í geymslurými Þekkingarsetursins, og bætti við nýrri borholu, sem á vafalaust eftir að koma sér vel við komandi rannsóknir í Þekkingarsetrinu.

Minna blautrými setursins hefur verið lítið notað undanfarið og verður farið í gagngerar endurbætur á því á næstu mánuðum, enda aðstaðan komin til ára sinna. Vonandi mun nýting hennar aukast að því loknu.



Þekkingarsetrið og stoðstofnanir þess eru aðilar að rannsóknasamtökunum INTERACT (International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic). Nú er fjármögnun

verkefnisins með styrk úr Horizon sjóði Evrópusambandsins lokið og INTERACT Non-Profit Association (INPA) hefur að fullu tekið við starfseminni. Ársfundur INPA var haldinn í byrjun apríl og sat forstöðumaður Þekkingarsetursins í fjarfundi. Opnað var fyrir umsóknir um Transnational Access í gegnum INPA í fyrsta skipti, þó fyrir mun lægri styrkjum en hjá INTERACT, og bárust alls 27 umsóknir til 15 rannsóknastöðva. Forstöðumanni bauðst að halda áfram í matsnefnd og fór því yfir hluta þeirra umsókna sem bárust og sat matsfundi nefndarinnar. Þær umsóknir sem bárust Þekkingarsetrinu komust því miður ekki í gegnum síu nefndarinnar.

INPA hefur þegar tengst inn í nokkur rannsóknaverkefni og er Þekkingarsetrið aðili að einu þeirra sem kallast POLARIN og er styrkt af Evrópusambandinu. Þar er boðið upp á styrki til Transnational Access og Remote Access verkefna en enn sem komið er hefur setrinu ekki borist umsóknir.

4. Háskólaþjónusta Þekkingarsetursins

4.1. Háskólakennsla

Starfsmenn Þekkingarsetursins, Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum og Náttúrustofu Suðvesturlands, ýmist forstöðumenn eða sérfræðingar, komu að kennslu í nokkrum af námskeiðunum innan líffræðideildar Háskóla Íslands árið 2025. Þau voru sum kennd hjá HÍ en önnur í Þekkingarsetri Suðurnesja og að hluta eða öllu leyti af:

- Dr. Halldóri Pálmari Halldórssyni, forstöðumanni Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum.
- Dr. Sindra Gíslasyni, forstöðumanni Náttúrustofu Suðvesturlands.
- Dr. Joana Micael, líffræðingur hjá Náttúrustofu Suðvesturlands.
- Dr. Anna Selmann, líffræðingur hjá Þekkingarsetri Suðurnesja.
- Sölva Rúnari Vignissyni, líffræðingi hjá Þekkingarsetri Suðurnesja.
- Hermanni Dreka Guls, líffræðingi hjá Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum.

Námskeiðin vor og haust 2025 voru eftirfarandi:

- Sjávarvistfræði
- Icelandic nature and cultural legacy
- Lífheimurinn
- Aðferðir fyrir fiski-, sjávar og vatnalíffræðirannsóknir
- Vettvangsnámskeið í vistfræði

Nokkrir kennarar við háskóla hér á landi nýttu sér vinnuaðstöðuna í Þekkingarsetrinu yfir árið.

4.2. Nemendapjónusta

Alls unnu fimm BS nemar, meistara- og doktorsnemar í líffræði að rannsóknnum sínum í Þekkingarsetrinu á þessu ári og voru viðfangsefnin mjög fjölbreytt.



Í lok mars fór fram ráðstefna um menntun í náttúruvísindum á vegum Reykjanes Geopark í Sandgerðisskóla og Þekkingarsetrinu. Ráðstefnan var hugsuð sem innblástur fyrir alla kennara sem eru að vinna með náttúrufræðikennslu og gekk mjög vel.

Það var mjög mikið um háskólahópa í gistingu í Þekkingarsetrinu sumarið 2025, til viðbótar við þá vísindamenn sem nýttu aðstöðuna. Hópur bandarískra háskólanema var hér í rúma viku á vegum Wildlands Studies líkt og árið á undan og von er á hópi á vegum Wildlands Studies aftur næsta sumar. Þar fyrir utan var gístaðstaðan fullnýtt af hópum háskólanema á vegum bandaríska fyrirtækisins Global Tracks & Adventures. Í hverjum hóp voru á bilinu 10-17 háskólanemar frá Bandaríkjunum, ásamt þremur til fjórum leiðbeinendum. Nemendurnir gista í Þekkingarsetrinu en ferðast víðsvegar um landið.

Doktorsnemar og starfsfólk líffræðideildar Háskóla Íslands héldu vinnustofu í Þekkingarsetrinu 14. og 15. nóvember þar sem ýmis áhugaverð meistara- og doktorsverkefni voru kynnt.

5. Nýsköpun

Fab Lab Suðurnes varð loks að veruleika þegar það opnaði glæsilega aðstöðu í Fjölbrautaskóla Suðurnesja í lok janúar 2024. Þekkingarsetur Suðurnesja er stofnaðili að Fab Lab Suðurnes.

Samtök þekkingarsetra sóttu um styrk í Lóu nýsköpunarsjóð í samstarfi við Gísli Ragnar Guðmundsson hjá KPMG og Innovation Week, vegna verkefnisins Gervigreind og nýsköpun sem fól í sér hringferð sérfræðinga á vegum KPMG og Innovation Week, í öll þekkingarsetrin þar sem haldin voru ókeypis fræðsluerindi fyrir almenning um gervigreind og nýsköpun. Rúmlega sex milljón króna styrkur fékkst úr sjóðnum. Gísli Ragnar sá um umsóknaskrif og utanumhald ásamt forstöðumanni Þekkingarseturs Suðurnesja. Samstarfið gekk frábærlega og fræðsluerindin sjö sömuleiðis, þau voru í flestum tilfellum vel sótt og mikil ánægja meðal

Þátttakenda með innihaldið. Síðasta vinnustofan var haldin hjá Þekkingarsetri Suðurnesja þann 11. nóvember.

Vinna við þróun og áframhaldandi forritun Fróðleiksfúsa heldur áfram í Þekkingarsetrinu. Fróðleiksfúsi er gagnvirkur fræðslu- og uppgötvunarleikur fyrir börn sem leiðir þau í gegnum náttúrugripasýningu Þekkingarsetursins. Börnin svara spurningum og leysa þrautir í spjaldtölvu ásamt því að fá ýmsan fróðleik um dýrin sem búa í setrinu. Hönnunarfyrirtækið Jökulá sér um að hanna útlit og viðmót Fróðleiksfúsa en Daníel leiðir verkið. Hópur útskriftarnemenda í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík sá um forritun leiksins og var það lokaverkefni þeirra í náminu. Forritið var notað í skólaheimsóknum vorið 2025 með mjög góðum árangri og er komið til að vera í slíkum heimsóknum. Þá er stefnt að því að tengja Fróðleiksfúsa við verkefnið Hvar eru hvalirnir? á komandi mánuðum.

6. Önnur verkefni

Í byrjun árs fékk Þekkingarsetrið fyrsta starfið án staðsetningar í hús þegar Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála leigði aðstöðu í setrinu fyrir einn af lögfræðingum sínum. Samstarfið hefur gengið mjög vel og vonandi á störfum án staðsetningar eftir að fjölga í setrinu.

Þekkingarsetur Suðurnesja veitti einum útskriftarnemanda við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og öðrum við Grunnskólann í Sandgerði viðurkenningar fyrir góðan árangur í náttúrufræðigreinum við lok vorannar 2025 og svo aftur við útskrift frá FS í desember sama ár. Hlutu þeir bókina *Íslenskur fuglavísir* að gjöf.

Tæplega 1.100 nemendur frá 24 leik- og grunnskólum komu í heimsókn í Þekkingarsetrið á árinu og koma nemendur í síauknum mæli frá höfuðborgarsvæðinu. Aðsókn erlendra skólahópa hefur aukist mikið frá síðustu árum sem er mjög ánægjulegt. Nú stendur öllum skólahópum það til boða að fá starfsmann frá Þekkingarsetrinu með í fjöruferðina sem hefur mælst mjög vel fyrir. Þar aðstoðar hann nemendur við að finna lífverur til að taka með í Þekkingarsetrið og fræðir þá um það sem þar er að sjá. Gagnvirka fræðsluleiknum Fróðleiksfúsa hefur einnig verið bætt við dagskrá skólaheimsóknanna hjá minni hópum eins og komið hefur fram, og er það mjög skemmtileg viðbót.

Margir kennarahópar komu í heimsókn í Þekkingarsetrið á árinu, bæði innlendir og erlendir, og fengu kynningu á rannsóknastarfi og annarri starfsemi í húsini.

Sýningar Þekkingarsetursins voru opnar almenningi allt sumarið líkt og síðustu ár og heimsóttu um 1.800 manns setrið. Aron Rúnar Hill Ævarsson, framhaldsskólanemi, starfaði við gestamóttöku á sýningunum.

Í nóvember fengu forstöðumaður Þekkingarsetursins og Daníel verkefnisstjóri, boð um að vera dómara á Stapavöku sem er náttúruvísindakeppni nemenda 7.- 10. bekkjar innan Stapaskóla í Reykjanesbæ. Þar skoðuðu þau og fengu kynningu á tæplega 60 glæsilegum verkefnum sem

nemendur höfðu lagt mikinn metnað í að vinna. Nokkur verkefna fengu svo sérstaka viðurkenningu í lokin.

Þekkingarsetrið tók haustið 2015 að sér Sóknaráætlunarverkefni tengdu menntun fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) og hefur síðan þá séð um skipulagningu og framkvæmd starfsgreinakynningar fyrir nemendur í 8. og 10. bekkjum á Suðurnesjum, sem SSS stendur fyrir. Kynningarnar hafa vaxið og dafnað ár frá ári með fleiri þátttakendum og starfsgreinum. Kynningin var haldin 16. október og voru rúmlega 120 ólíkar starfsgreinar kynntar þar. Um 900 nemendur sóttu kynninguna. Til viðbótar við grunnskólanemendurna komu nemendur frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja og MSS á kynninguna. Mikill stuðningur hefur komið frá atvinnulífinu, bæði litlum og stórum fyrirtækjum hér á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu, þegar kemur að skipulagningu kynningarinnar og boð um þátttöku í henni.

Barnameningarhátíðin Skelin var haldin í Suðurnesjabæ vikuna 1.-6. apríl og tók Þekkingarsetrið þátt í henni með opnun sýninga.

Þekkingarsetrið tók einnig þátt í bæjarhátíð Suðurnesjabæ, Vitadögum, í lok ágúst.

Safnahelgi var haldin á Suðurnesjum dagana 11. og 12. október og voru sýningar Þekkingarsetursins opnar þá helgi og aðgangur ókeypis.

7. Lokaorð

Hér hefur verið stiklað á stóru í starfsemi Þekkingarseturs Suðurnesja árið 2025. Starfsemin hefur vaxið og dafnað frá stofnun setursins og mun án efa gera það áfram. Verkefni eru af mjög fjölbreyttu tagi sem gerir starfið áhugavert og skemmtilegt, og samstarfsaðilar eru það sömuleiðis.

Suðurnesjabær, 18. maí 2026

Hanna María Kristjánsdóttir
Forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja